

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 337. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 1. október 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 316. fundar bæjarráðs, dags. 17. september 2020.
- 2) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 7. september 2020.
- 3) Fundargerðir 89. og 90. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 28. maí og 19. ágúst 2020.
- 4) Fundargerð 195. fundar menningarnefndar, dags. 31. ágúst 2020.
- 5) Fundargerð velferðarnefndar, dags. 7. september 2020.
- 6) Fundargerð 140. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 4. september 2020.
- 7) Fundargerð 141. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. september 2020.
- 8) Fundargerð 108. fundar stjórnar FSS, dags. 8. september 2020.
- 9) Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2020.
- 10) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 14. september 2020, varðandi sumarleyfi leikskólans. Vísað til bæjarstjórnar úr bæjarráði.
- 11) Undirskriftarlisti íbúa við Keflavíkurgötu á Hellissandi, dags. 16. september 2020, varðandi mótmæli við fyrirhugaða lagningu göngustígs meðfram sjávarsíðu Keflavíkurgötu.
- 12) Bréf frá Klumbu ehf., dags. 24. september 2020, varðandi nýtingu vindorku til raforkuvinnslu.
- 13) Bréf frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 24. september 2020, varðandi 50 ára afmæli Sundlaugar Snæfellsbæjar í Ólafsvík.
- 14) Bréf frá Framfarafélagi Snæfellsbæjar, Ólafsvíkureild, dags. 22. september 2020, varðandi úrbætur í umhverfi Ólafsvíkur.
- 15) Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 22. september 2020, varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðisefirlitssvæðum.
- 16) Tillaga frá J-listanum, dags. 28. september 2020, varðandi íbúðir fyrir eldri borgara.
- 17) Brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar 2021-2025
- 18) Skipun aðalmanns í öldungaráð í stað Margrétar Vigfúsdóttur. Vísað til bæjarstjórnar úr bæjarráði.
- 19) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 29. september 2020

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

316. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 17. september 2020 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:30.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Friða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:

- 1) **Fundargerð 61. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 31. ágúst 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Fundarboð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 29. september 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundarboð haustþings SSV, haldið föstudaginn 16. október 2020.**
Aðalmenn frá Snæfellsbæ eru Björn H Hilmarsson, Auður Kjartansdóttir, Svandís Jóna Sigurðardóttir og Friða Sveinsdóttir. Til vara eru Rögnvaldur Ólafsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Michael Gluszek og Örvar Már Marteinson.
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Margréti Vigfúsdóttur, dags. 2. september 2020, varðandi úrsögn úr öldrunarráði.**
Bæjarráð samþykkti erindið og þakkar Margréti setu sína í nefndinni og vinnu í þágu bæjarins. Nýr aðili í öldrunarráð verður tilnefndur á næsta bærarstjórnarfundum.
- 5) **Bréf frá leikskólalastjóra, dags. 14. september 2020, varðandi sumarleyfi leikskólans.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til næsta bærarstjórnarfundar.
- 6) **Minnisblað frá bærarstjóra, dags. 14. september 2020, varðandi aukafjárveitingu til menningarmála.**
Bærarstjóri sagði frá málinu. Friða sagði frá því að hún væri ósátt við þessi kaup. Bæjarráð samþykkti með 2 atkvæðum gegn 1 að veita aukafjárveitingu til menningarmála vegna listaverkakaupa að upphæð kr. 2,8 milljónir.
- 7) **Umsókn frá Júlíönu Bj. Grunnarsdóttur, dags. 4. september 2020, um að fá að halda hundinn Kolsholts Ríó.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 8) **Bréf frá Jóni Guðmanni Péturssyni, dags. 31. ágúst 2020, varðandi ágang sauðfjár.**
Bæjarráð ítrekar fyrri afstöðu til málsins. Jafnframt er málið komið í stjórnýslulega meðferð til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og telur bæjarráð skynsamlegt að biða eftir niðurstöðu ráðuneytisins.
- 9) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 15. september 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Gunnars Tryggvasonar, um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, minna gistiheimili og frístundahús, sem rekið er sem Brimhestar að Brimilsvöllum í Fróðárhreppi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gunnars Tryggvasonar um leyfi til að reka gististað í flokki III, minna gistiheimili og frístundahús, sem rekið er sem Brimhestar að Brimilsvöllum í Fróðárhreppi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


Handwritten signatures and initials:
JRC
FS
[Other illegible initials]

- 10) Bréf frá fjarskiptasjóði, dags. 7. september 2020, varðandi styrk vegna ljósleiðaravæðingu. Lagt fram til kynningar.
- 11) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 24. ágúst 2020, varðandi samninga sveitarfélaga sem fela í sér samstarf við önnur sveitarfélög. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að svara erindinu í samvinnu við hlutaðeigandi samstarfssveitarfélög.
- 12) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 11. september 2020, varðandi úthlutun byggðakvóta. Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandur, Rif og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 21. júlí 2020, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2020/2021.
- Þó óskar bæjarstjórn Snæfellsbæjar eftir því að gerð verði eftirfarandi breyting á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ: Að í staðinn fyrir orðið „byggðarlag“ verði notað orðið „sveitarfélag“.
- Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.
- Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.
- 13) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum. Lagt fram til kynningar.
- 14) Ályktun Grundarfjarðarbæjar, dags. 10. september 2020, varðandi viðhald þjóðvega á Snæfellsnesi. Bæjarráð tekur heilshugar undir ályktun Grundarfjarðarbæjar um viðhald þjóðvega á Snæfellsnesi.
- 15) Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 9. september 2020, varðandi tilnefningu fulltrúa í starfshóp um stefnumótun og þarfagreiningu úrgangsmála. Lagt fram til kynningar.
- 16) Bréf frá stjórn samtaka íslenskra handverksbrugghúsa varðandi áskorun til dómsmálaráðherra um áfengissölu. Lagt fram til kynningar.
- 17) Minnispunktar bæjarstjóra.
- bæjarstjóri sagði frá því að loksins sé langþráðum áfanga við Fróðárheiði lokið þegar bundið slitlag var lagt á síðasta hluta hennar nú fyrr í vikunni.
 - bæjarstjóri fór yfir fjárhagsáætlunargerð og samþykkti bæjarráð samhljóða að veita bæjarstjóra og bæjarritara heimild til að hefja vinnu við fjárhagsáætlun 2021.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:07



Jónína Björg Óttarsdóttir




Rögnvaldur Ólafsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lífja Ólafardóttir, bæjarritari

Fundur 7.september 2020 í ráðhúsi SNB kl 20:00

Mættir:

Kristín Helga, Auður, Hermína, Guðrún Kristinsd, Valentína, Gunnsteinn, Inga, Monika, Sigrún Erla, Þorbjörg og Hilmar.

Vantar: Kristgeir.

1. Málefni tónlistarskólans:

Allt gengur vel. 80 nemendur núna. Svipaður fjöldi og í fyrra. Nokkrir fullorðnir nemendur á biðlista. Valentina fer yfir skóladagatalið. Tónfundir 5.-8.okt fyrir fullorðna nemendur, 19.-22.okt fyrir yngri nemendur. Áfram 4 kennarar. Óbreytt fyrirkomulag. Kennaraþing 18.sept. Í sumar var útbúin fín aðstaða í 2 stofum í byggingu Tónlistarskólans á Hellissandi fyrir kennslu. Ekki búið að klæða húsið í Ólafsvík.

2. Málefni leikskólans:

Inga fer yfir ársskýrsluna. Í Ólafsvík hefur staðið til að skipta um glugga á Gulu deildinni í um 1,5 ár. Töluvert síðan gluggarnir komu vestur en ekki verið skipt. Nú eru komnar rakaskemmdir í gólfúðukinn en það lekur inn í ákveðinni átt. Inga gerir ósk um auka fjármagn til viðgerða á dúknum. Rætt um nýju kjarasamninga leikskólakennara og stjórnenda, en þeir fara m.a. fram á meiri undirbúningstíma starfsmanns per viku. Einnig umræða um styttingu vinnuvikunar og breytingu á lengd orlofsdaga. Veturinn byrjar rólega en með haustinu bætast við börn á ungbarnadeildina.

3. Málefni GSNB:

Nú eru 227 nemendur í öllum deildum skólans. Hilmar segir stuttlega frá innra mati GSNB, sem er inni á heimasíðu skólans. Stóra verkefni skólans í vetur er að innleiða Hæfnimiðað nám, sem gerir nemendum og foreldrum kleift að fylgjast betur með náminu inni á Mentor. Hingað til hefur þetta verið hjá 8.-10.bekk en nú verður það innleitt í alla bekk.

Í sumar hafa verið framkvæmdir á salernisaðstöðu beggja kynja í Ólafsvík. Í ljós kom raki í gólfi svo ekki var hægt að dúkaleggja, þess í stað var málað og nú er verið að leita hvaðan rakinn kemur. Verið er að setja dúk á þakið á Hellissandi en það verkefni er í biðstöðu. Skipt um glugga í einni skólastofunni í Ólafsvík.

Skólastarfið fer vel af stað. 13 starfsmenn í námi, ýmist kennaranámi, sérkennslu o.fl.

Stefnt að næsta fundi 2.nóv. í Tónlistarskólanum.

Fundi slitið kl 21:10.

Fundur var haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar fimmtudaginn 28. maí 2020 kl: 20:00

Á fundinn mættu:

Laufey Helga Árnadóttir
Rán Kristinsdóttir
Daði Rúnar Einarsson
Atli Már Gunnarsson
Adam Geir Gústafsson
Ása Gunnarsdóttir

Fyrsta mál á dagskrá: Íþróttastefna Snæfellsbæjar

Stefna á að vinna þróttastefnu Snæfellsbæjar (fundum gamla stefnu sem væri hægt að vinna og gefa út í bækling eins og Borgarbyggð)

Laufey fær starfsmann með sér í sumar sem hún gæti nýtt í að skoða sambærilegar stefnur hjá öðrum sveitarfélögum.

Annað mál á dagskrá: Heilsueflandi samfélag

Leggja til bæjarstjórnar að við stefnum að því að verða Heilsueflandi Samfélag. Það þarf að uppfylla ákveðin skilyrði sem embætti landlæknis setur fyrir. Munum skoða hvað það að uppfylla og sækja svo um með samþykki bæjarstjórnar.

Þriðja mál á dagskrá: 17. júní

Farið yfir hvað á að hafa á dagskrá á 17. júní. Bæjarstjórn vill hafa léttu dagskrá vegna Covid-19. Reyna að virkja krakkana til að taka þátt og finna tómstundir sem eru ekki endilega þessar klassísku íþróttir. Sundlaugin verður opin allan daginn og frísbíggvöllurinn settur upp..

Fjórða mál á dagskrá: Félagsmiðstöðin

Sigurbjörg hættir og er mikil eftirsjá af henni. Ekki vitað ennþá vitað hvað Berglind vill gera. Reyna að virkja krakkana til að taka virkan þátt í starfinu en mæting og þátttaka hefur verið léleg undanfarið.

Fundi slitið kl: 21:30

Fundur var haldinn í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar miðvikudaginn 19. ágúst 2020 kl: 17:00

Á fundinn mættu:

Laufey Helga Árnadóttir
Rán Kristinsdóttir
Daði Rúnar Einarsson
Atli Már Gunnarsson
Monika Cecylia Kapanke

Fyrsta mál á dagskrá: Fundargerð ungmennaráðs:

Tvö úr ungmennaráði eru hætt. Undanfarin ár hefur Íþróttta- og æskulýðs fulltrúi valið nýtt fólk inn en ákveðið var að reyna að auglýsa í ár.

Einnig var farið yfir og samþykkt nýjasta fundargerð ungmennaráðs.

Annað mál á dagskrá: Ráðning í félagsmiðstöð:

Bæði Sigurbjörg og Berglind eru hættar í félagsmiðstöðinni og því var staðan auglýst. Þrjár umsóknir bárust og voru tveir starfsmenn ráðnir. Stefnt er á að hitta þá sem eru ráðnir áður en starfið hefst og fara yfir allt það helsta áður en félagsmiðstöðin hefst í september.

Önnur mál á dagskrá:

Rætt var um hvort þyrfti að fresta heilsuvikunni í ár vegna Covid-19. Munum þó taka endanlega ákvörðun seinna í ár.

Farið yfir hlutverk nefndarinnar í samstarfi við Laufey.

Fundi slitið kl: 18:30

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

195. Fundur

31.ágúst 2020 | kl. 12:00 - 13:00
Veitingarstaðurinn Hraun, Ólafsvík.

Fundinn sátu:

Erla Gunnlaugsdóttir, formaður
Einar Magnús Gunnlaugsson
Jón Kristinn Ásmundsson
Ragnheiður Víglundsdóttir
Rut Ragnarsdóttir.

Fundagerð ritaði Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá

Ljósmyndasamkeppni

Heppnaðist ljómand vel. Rúmlegar 150 ljósmyndir voru sendar inn frá um 70 áhuga ljósmyndurum. Þemað var *sumar í Snæfellsbæ*. Ragnar Axelson og Páll Stefánsson ljósmyndarar völdu sigurmyndirnar sem hlutu peningaverðalun.

Áætlað er að setja af stað aðra samkeppni með þemað „*vetur í Snæfellsbæ*“.

Jólaþorp

Árlegt jólaþorp Snæfellsbæjar verður haldið laugardaginn 5. desember í Klifi. Framkvæmd og skipulag mun ráðast af stöðu mála þegar nær að dregur.

Auglýsingar verða settar á næstunni fyrir þáttakendur til skráningar.

Jólatónleikar

Árlegir jólatónleikar menningarnefndar verða haldnir í byrjun desember.

Líkt og með Jólaþorpið verða þeir útfærðir eftir stöðu mála.

Fundi slitið.

07. September 2020

Fundargerð Velferðarnefndar Snæfellsbæjar

Fundur haldinn í ráðhúsi Snæfellsbæjar. Mánudaginn 07. September. 2020.

Fundinn sátu: Gunnhildur, Hafþór, Andri, Guðrún og Þórunn.

Gunnhildur setur fund kl 20:00.

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðu á málþingi Lífsgæði fatlaðs fólks á Snæfellsnesi 22. Oktober 2020 í Klifi.
2. Önnur mál.

Fundi slitið 21:00

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 140140. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn á Hótel Búðum fundarsal 2. hæð, 4. september 2020
og hófst hann kl. 12:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir og Stefán Jónsson.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Engihlíð 12_Umsókn um byggingarlóð - 2007005

Beiðni um að byggja á 1. hæð. Hlynur Hafsteinsson óskar eftir leyfi til að byggja á einni hæð við Engihlíð 12. Möguleiki er á að hækka útveggi sem og þak til að koma á móts við þær hæðarkröfur sem gerðar eru fyrir þennan byggingarreit.

Umhverfis- og skipulagsnefnd ítrekar fyrri bókun um að byggt verði á tveimur hæðum. Bent er á að aðrar lóðir sem hægt er að byggja á einni hæð.

Hafnað

2. Melabúð 1 Hellnum_Óskað er eftir breyttri notkun úr frístundahúsi í einbýlishús - 2009006

Óskað er eftir að breyta Melabúð í einbýlishús. Einnig að lögbýlisréttur á Melabúðatúninu verði færður á húsið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Aðalskipulagi verður breytt með fyrirhugaðri breytingu við Gíslabæ.

Samþykkt

3. Gíslabær_Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Hellnar - 2006008

Ný tillaga að lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og vísar því í lögboðið ferli.

Samþykkt

4. Hábrekka 5_Umsókn um byggingarleyfi fyrir steinklæðningu og varmadælu - 2007011

Kristmann Jóhannesson sækir um leyfi fyrir klæðningu úr Novabrik hleðslusteini auk varmadælu á suðurhlíð bílskúrs.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir varmadælu.

Samþykkt

5. Grundarbraut 6a_Umsókn um byggingarleyfi fyrir nýjum gluggum - 2007012

717
Hill
M. E.
15

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Emanúel Ragnarsson sækir um breytingu á gluggum skv. meðfylgjandi gögnum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

6. Norðurtangi 3_Umsókn um byggingarleyfi fyrir klæðningu - 2008003

Elías Róbertsson sækir um leyfi til að klæða notkunareiningu 0102 við Norðurtanga 3 í sama stíl og aðrir hafa klætt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

7. Helluhóll 5_Umsókn um byggingarleyfi fyrir Garðhúsi - 2007002

Nágrannar gera ekki athugasemd við smáhýsið. Húsið verður klætt að innan með eldtefjandi plötum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Selhóll 6_Sótt er um varmadælu - 2009005

Rögvaldur Ólafsson sækir um að setja upp varmadælu við hús sitt. Staðsetning er sunnan við hús skv. fylgiskjali.

Halldór vísur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.

Halldór kemur inn.

Samþykkt

9. Vegagerðin sækir um framkvæmdarleyfi vegna sjóvarna við Gufuskál og við Marbakka - 2009001

Við Gufuskála verða gerðar tvær nýjar 50 m langar við fornminjar. Áætlað grjótmagn 2000 rúmmetrar. Við Marbakka er um 60 m lenginu á sjónvörn að ræða. Áætlað grjótmagn 600 rúmmetrar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunnar og Minjavarðar Vesturlands.

Samþykkt

10. Stöðuleyfi húss og gáma_Víðir Haraldsson - 2009007

Víðir Haraldsson sækir um stöðuleyfi fyrir gámum við Norðurtanga 3 og smáhýsi á námsvæði í Rífi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi húss. Varaðndi gáma er bent á gámasvæði í Rífi.

Samþykkt

11. Hnausar Hamraendar_Fyrirspurn um framkvæmdaleyfi vegna endurheimt votlendis - 2009004

Iðunn Hauksdóttir verkefnisstjóri hjá Landgræðslunni óskað eftir afstöðu um hvort framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 sé krafist.

Endurheimt votlendis á Litlu-Hnausum og Hamraendum er á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar tekur jákvætt í erindið

772
Mik
M.E
L

og fagnar endurheimt votlendis á svo stóru svæði nærri Þjóðgarði. Mótuð er stefna í aðalskipulagi Snæfellsbæjar um endurheimt votlendis, en þar sem svæðið er á Náttúruminjaskrá telur nefndin æskilegt að gefið verði út formlegt framkvæmdaleyfi. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að bera umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landgræðslu Íslands undir landeigendur og Umhverfisstofnun, áður en leyfið verður gefið út.

Samþykkt

12. Norðurtangi 3_Sótt um hjólbarðaverkstæði - 2009003

Birgir Tryggvason sækir um leyfi fyrir hjólbarðaverkstæði fyrir hönd Bílaastoðar og flutninga ehf.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits.

Samþykkt

13. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2020 - 2002014

- Lagning ljósleiðara út á Gufuskála
Kynnt nefndinni

- Fundarplan nefndarinnar fram að áramótum
24. september - 29. október - 26. nóvember - 17. desember

- Umræður um geysmlu og gámasvæði
Rætt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:02.

Kalldór Elhinnar
Magni Eiríkur
Kishana Þorvaldur
Fluigi Þorvaldur

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 141141. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 25. september 2020
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir og Stefán Jónsson.

Fundargerð ritaði: Stefán Jónsson, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. **Lambafell við Jökulhálsveg Rarik ohf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús - 1811009**

Lagðar eru inn reyndarteikningar til samþykktar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar samþykkir erindið.

Samþykkt

2. **Umsókn um byggingarleyfi - 2009011**

Hótel Arnarstapi sækir um leyfi fyrir stækkun sumarhúss að Múaslóð 10, Arnarstapa. Stækkunin nemur 21 fermetra, svo heildarflatarmál hússins eykst úr 81,5 í 102,5 fermetra.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Nefndin bendir á að fyrr á þessu ári hafi verið samþykkt að unnið yrði í nánu samstarfi við Snæfellsbæ vegna framkvæmda við mannvirki Hótel Arnarstapa og er þessi óleyfisframkvæmd ekki í samræmi við það samkomulag.

Samþykkt

3. **Umsókn um byggingarleyfi - 2009009**

Fiskmarkaður Snæfellsness óskar eftir leyfi til að setja innkeyrsludyr á norðurhlíð hússins að Bankastræti 1.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

4. **Ólafsvíkurhöfn - dýpkun_ósk um afstöðu vegna dýpkunar (mat á umhverfisáhrifum) og framkvæmdaleyfi - 2009008**

Hafnarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir dýpktun á höfninni í Ólafsvík.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar hefur í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 farið yfir tilkynningu framkvæmdaaðila

M.E.

KA

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

hafnarstjórnar Snæfellsbæjar. Niðurstaða umhverfis- og skipulagsnefndar er að dýpkun hafnar í Ólafsvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Því samþykkir nefndin framkvæmdaleyfi vegna dýpkunar hafnar í Ólafsvík.

Samþykkt

5. **Hnausar Hamraendar Votilækur_Fyrirspurn um framkvæmdaleyfi vegna endurheimt votlendis - 2009004**

Landgræðslan sækir um framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis í landi Votalækjar.

Á síðasta fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar var veitt framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis í landi Hnausa og Hamraenda.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar og landeigenda.

Samþykkt

6. **Samningur á gámasvæði - 2009012**

Skipulags- og byggingafulltrúi leggur fyrir fundinn drög að samningi vegna stöðuleyfa á gámasvæði í efnisnámu við Rif.

Skipulags- og byggingafulltrúi kynnir drögin fyrir nefndinni.

Kynnt

7. **Melur_Umsókn um lögbýlisrétt - 2009010**

Þröstur Theodórsson, fyrir hönd Áslaugar Árnadóttur, óskar eftir umsögn Snæfellsbæjar vegna umsóknar um lögbýlisrétt.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við veitingu lögbýlisréttar.

Samþykkt

8. **Sandholt 21_fyrirspurn varðandi smáhýsi - 2009014**

Baldvin Leifur Ívarsson biður um álit á byggingu smáhýsis/bílskúrs skv. meðfylgjandi teikningu.

Árið 2012 var gefið út byggingarleyfi fyrir bílskúr á sama stað, en ekkert varð af byggingu hans.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið.

Jákvætt

9. **Hildigunnur Haraldsdóttir sendir inn fyrirspurn vegna fyrirkomulags tanks og ósk um leyfi fyrir fyrir glugga á suðurhlíð. - 2009015**

Í framhaldi verði send inn fullnaðargögn og umsókn um byggingarleyfi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

10. **Áningarstaðir_Tillögur að skipulagi og hönnun - 2009013**

Skipulags- og byggingafulltrúi kynnir hugmyndir að flutningi listaverksins "Skipið", sem hefur staðið á grasbala á milli Klettsbúðar og Höskuldsár síðan 1986, á nýjan

717

Mik

M. G. J. A. 2

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

stað nærri Keflavík. Landslag ehf. hefur unnið tillögur að svæði þar sem það mun njóta sín til fullnustu á steiptum palli og með gott aðgengi allan hringinn.

Skipulags- og byggingafulltrúi kynnir tillögur Landslags ehf. að bættu umhverfi við Björnsstein á Rífi.

Kynnt nefndinni

Kynnt

11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2020 - 2002014


Lóðum skilað inn:

- Hábrekka á milli nr. 9 og nr. 11 (leiksvæði)
- Fossabrekka 3

Kynnt nefndinni

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.


Krishna Ramana
Fllugi Teu Taram
Majunri Eilun
Halldar Kliesen.

- 2. bls. -

- Sérstakt byggðafraglag HMS og Jöfnunarsjóðs 8% kr. 20.400.000
 - Mótstofnfraglag aðildarsveitarfélaga FSS á grundvelli stofnvirðis HMS, 12% kr. 30.600.000
- Samtals stofnfraglög HMS, Jöfnunarsjóðs og aðildarsveitarfélaga 42% m.v. stofnvirði HMS er því kr. 107.100.000

Áætlaður byggingarkostnaður miðað við tilboð verktaka, þóknunar arkitekta, kostnað v. þjöppumælinga, lóðar- og tengigjalda er í dag kr. 304.816.000; utan þjónustu Verkís og annars ófyrirséðs kostnaðar á þessum tímamótum

5. Endurskoðuð fjármögnun byggingar þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks

Umræða - afgreiðsla

Með vísan til niðurstöðu stofnfjármögnunar, samtals 42%, kr. 107.100.000 sem og áætlaðs byggingarkostnaðar kr. 305.000.000 samþykkir stjórn FSS samhljóða eftirfarandi endurskoðaða fjármögnunaráætlun framkvæmdanna:

1. Stofnfraglag, 18%, kr. 45.900.000; þar af Jöfnunarsjóður kr. 10.800.000
2. Viðbótarfraglag, 4%, kr. 10.200.000; þar af Jöfnunarsjóður kr. 2.400.000
3. Sérstakt byggðafraglag, 8%; kr. 20.400.000; þar af Jöfnunarsjóður kr. 4.800.000
4. Stofnfraglag aðildarsveitarfélaga FSS. 12%, kr. 30.600.000 sem miðað við íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna þann 01.01. 2020 skiptist sem hér að neðan er tilgreint og greiðist í eingreiðslu til Félags – og skólajónustu Snæfellinga í upphafi næsta árs:

Snæfellsbær 42.41% (1.674) kr. 12.978.058

Grundarfjarðarbær 22.19% (876) kr. 6.791.386

Stykkishólmsbær 30.63 % (1209) kr. 9.373.043

Eyja- og Miklaholtshreppur 3.14% (124) kr. 961.338

Helgafellssveit 1.62% (64) kr. 496.174

5 .Eigið fé FSS kr. 142.137.119

6. Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga kr. 55.762.881

Samtals kr. 305.000.000

108. fundur stjórnar FSS

Fundarstaður:	Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar	Fjarfundur um teams- búnað
Dagsetning:	Þriðjudaginn 8. september 2020	
Fundartími:	Kl. 10.30	
Mættir:	Stjórn FSS; Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS. Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar og umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS, situr fundinn undir dagskrárlíð 2.	

Dagskrá: **Meðferð máls**

1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, býður fundarmenn velkomna, setur fund og stýrir.
2. **Ársreikningur FSS 2019** *Umræða - afgreiðsla*
Ársreikningur Deloitte endurskoðenda fyrir Félags- og skólajónustu Snæfellinga rekstursárið 2019 lagður fram til umfjöllunar og afgreiðslu stjórnar. Stjórn FSS samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning FSS fyrir árið 2019 vísar honum til afgreiðslu aðalfundar byggðasamlagsins um rekstur FSS.
3. **Boðun aðalfundar vegna rekstursársins 2019** *Afgreiðsla*
Samþykkt að fela forstöðumanni boðun aðalfundar rekstursársins 2019 þriðjudaginn 29. september kl. 14.30 í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar.
4. **Svar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar við umsókn FSS um stofnframlag og sérstakt byggðaframlag v. byggingar þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 64 - 66.** *Kynning - umræða*
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur samþykkt umsókn FSS um stofnframlag til byggingar þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 64 – 66 í Ólafsvík þannig:
Sótt var um framlög miðað við stofnvirði kr. 292.618.830
Samþykkt framlag HMS miðast við stofnvirði kr. 255.000.000 (án lóðar og tengdra gjalda) sem þannig skiptist:
Endurskoðuð heildarfjármögnun miðað við stofnvirði 255.000.000
 - Stofnframlag HMS og Jöfnunarsjóðs 18% kr. 45.900.000
 - Viðbótarframlag HMS og Jöfnunarsjóðs 4% kr. 10.200.000

- bls. 3 -

6. Stjórn heimilar forstöðumanni að ganga til samningsgerðar um móttöku stofnframlaga Húsnæðis- og mannvirkjastofunar og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, hefja undirbúning að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt því að innheimta í ársbyrjun 2021 eingreiðsluframlög aðildarsveitarfélaganna, þ.e. hlutdeild í 12% stofnframlagi sveitarfélaga s.s. kveðið er á um í lögum um stofnframlög ríkis og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, s.s. fram kemur í 4.tl. 5. dagskrárliðar hér að framan.
7. Önnur mál
- a) Málþing FSS og velferðarnefnda Snæfellinga, „Lífskjör fatlaðs fólks á Snæfellsnesi“, fer fram í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík fimmtudaginn 22. október n.k.
 - b) Ekki hefur tekist að ráða náms- og starfsráðgjafa til starfa þrátt fyrir auglýsingar þ.a.l.
 - c) Elmar Þórðarson, talmeinafræðingur, annast þetta skólaárið greiningar, ráðgjöf og eftirfylgni leikskólanemenda
 - d) Fyrirkomulaga talmeinaþjónustu við grunnskólanemendur er í skoðun í samráði við skólastjórnendur.
 - e) Rætt um fjármögnun þjónustu og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00

Fundargerð 886. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 28. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Lilja Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valur Rafn Halldórsson og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Lilja Einarsdóttir sat fundinn í forföllum Ásgerðar Gylfadóttur.

Lilja Einarsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Rakel Óskarsdóttir tóku þátt með notkun fjarfundabúnaðar og einnig sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Valur Rafn Halldórsson og Anna Guðrún Björnsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 885. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 885. fundar stjórnar sambandsins frá 12. júní 2020.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Lögð fram fundargerð 54. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 20. maí 2020.

Gunnar Einarsson kom inn á fundinn kl. 12.15.

3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lögð fram fundargerð 127. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 19. ágúst 2020. Samþykkt var svohljóðandi bókun um 1. lið fundargerðarinnar:

Samþykkt að óska eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra að stofnaður verði formlegur starfshópur með þátttöku sambandsins, ráðuneytisins, grunns og Hagstofu Íslands, til þess að skilgreina þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að safna og miðla um skólahald. Því er beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins að það hafi frumkvæði að því að kalla hópinn saman.

4. Endurtilnefning í fræðslumálanefnd sambandsins - 1810078SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. ágúst 2020, um tillögu um endurtilnefningu í fræðslumálanefnd sambandsins.

Stjórnin skipar Önnu Birnu Snæbjörnsdóttur til setu í fræðslumálanefnd í stað Önnu Magneu Hreinsdóttur.

Bjarni Jónsson kom inn á fundinn kl. 12.30.

5. Forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024 - 2006030SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 2. júlí 2020, um forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024.

Stjórnin þakkar hag- og upplýsingasviði fyrir þessa greinargóðu og tímanlegu samantekt sem send hefur verið til allra sveitarfélaga. Stjórnin telur mikilvægt að dregið verði sem fyrst úr þeirri óvissu sem nú ríkir um fjármál hins opinbera og atvinnuhorfur vegna lokunar landsins.

6. Helstu niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaga - 2008022SA

Lagðar fram helstu niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaga og ábendingar varðandi gagnaöflun, dags. 24. ágúst 2020. Einnig lögð fram tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 968. mál.

Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi sem þau áttu með ráðherra sveitarstjórnarmála þ. 26. ágúst sl. um þessar niðurstöður og að einnig verði fjallað um þær á fundi með forsætisráðherra, fjármála- og efhagsráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála síðar í dag. Fundurinn er haldinn í framhaldi af fundi þ. 14. maí sl. með sömu aðilum, auk borgarstjóra, þar sem fjallað var um samþykktir stjórnar sambandsins frá 24. og 29. apríl sl. um mikilvægi þess að ríkissjóður komi að vanda sveitarfélaganna með fjölbreyttum almennum aðgerðum og með beinum fjárhagslegum stuðningi til að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaga í landinu öllu. Á fundinum þ. 14. maí sl. var ákveðið að hittast aftur þegar fyrirliggjandi niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaga lægju fyrir og verða þær til umfjöllunar á fundinum ásamt framangreindum samþykktum stjórnar sambandsins.

Miklar umræður urðu um málið og komu fram ýmsir fyrirvarar við niðurstöðu skýrslunnar. Formaður kvað þau sjónarmið sem þar komu fram, ásamt þeim bókunum sem stjórnin hefur þegar samþykkt um málið, vera gott veganesti fyrir áframhaldandi samtal við ráðherra og Alþingi og við gerð umsagnar um breytingar á fjármálastefnu 2018-2022.

Rakel Óskarsdóttir kom inn á fundinn kl. 13.05.

7. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. ágúst 2020, um stöðu kjaramála í ágúst 2020.

8. Leiðbeiningar fyrir styttingu dagvinnutíma - 2008027SA

Lagðar fram leiðbeiningar innleiðingahóps Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. ágúst 2020, vegna styttingar dagvinnutíma.

9. Kjarasamningar 2020 - 1911093SA

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarðs, Stéttarfélags lögfræðinga, og Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, dags. 1. júlí 2020, Sambands stjórnendafélaga, dags. 3. júlí 2020, Sameykis f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 6. júlí 2020, Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga, dags. 9. júlí 2020, Félags leikskólakennara, Skólastjórafélags Íslands, Félags íslenskra hljómlistarmanna og Félags stjórnenda í leikskólum dags. 10. júlí 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum.

Stjórnin staðfestir alla ofangreinda kjarasamninga.

Gunnar Einarsson og Eypór Laxdal Arnalds sátu hjá við afgreiðslu málsins.

10. Samkomulag um endurskoðaða viðræðuáætlun - 1901055SA

Lagt fram samkomulag, dags. 10. júlí 2020, um endurskoðun viðræðuáætlunar milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

Stjórnin staðfesti samkomulagið.

11. Framfaravogin - óskað eftir aðkomu sambandsins - 2008013SA

Lagt fram bréf Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra Kópavogs, Kjartans M. Kjartanssonar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Gísla H. Halldórssonar, bæjarstjóra Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 10. ágúst 2020, þar sem óskað er eftir aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Framfaravoginni, ásamt fylgiskjali.

Stjórnin þakkar erindið en telur að þær erfiðu aðstæður sem sveitarfélög glíma nú við í rekstri sínum takmarki möguleika þeirra til að taka þátt í nýjum verkefnum og gefi því ekki sambandinu tilefni til að beita sér í þessu tiltekna máli að svo stöddu. Stjórnin leggur á hinn bóginn áherslu á að skýra þarf þjónustuhlutverk Hagstofu Íslands gagnvart sveitarfélögum, ekki síst á sviði fræðslu- og velferðarþjónustu. Jafnframt bendir stjórnin á að sambandið er þátttakandi í innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og markmiða í loftslagsmálum og telur því ekki svigrúm í starfseminni að bæta við auknum verkefnum á því sviði.

12. Samningur um verkefnið Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum - 2007014SA

Lagt fram samkomulag, dags. 8. júlí 2020, við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um verkefnið Verkfærakista sveitarfélaga í loftslagsmálum.

Stjórnin lýsir ánægju sinni með að samkomulag hafi náðst um að vinna verkfærakistu fyrir sveitarfélög um loftslagsmál. Verkefnið verður kynnt fyrir sveitarfélögunum eftir því sem vinnu við það vindur fram í gegnum Samráðsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmið SP en ákveðið var að Eygerður Margrétardóttir geri nánari grein fyrir verkefninu á næsta fundi stjórnar sambandsins.

13. Landsþing sambandsins 2020 - 1910004SA

Umræður um landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020.

Að öðru óbreyttu eru miklar líkur á að óumflýjanlegt sé að fresta landsþingi sambandsins fram yfir næstu áramót. Ef aðstæður í þjóðfélaginu breytast á jákvæðan hátt m.t.t. til heimilda til að halda stóra fundi og samkomur verður málið tekið upp aftur. Að öðrum kosti fellur landsþing þessa árs niður. Staða málsins verður aftur rædd á næsta stjórnarfundi.

14. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020 - 1511181SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðssambandsins, dags. 25. ágúst, um fyirkomulag og form fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020.

Stjórnin styður hugmyndir sem fram koma í minnisblaðinu um að fjármálaráðstefna sveitarfélaga verði röð stafrænna viðburða sem hefjist í byrjun október. Stjórnin felur framkvæmdastjóra og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs að útfæra þessar hugmyndir frekar.

15. Stöndum vörð um skólastarf - sameiginleg viljayfirlýsing - 2001077SA

Lögð fram sameiginleg viljayfirlýsing milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Grunns - félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, um leiðarljós í skólastarfi á tímum COVID-19 sem undirrituð var 19. ágúst 2020.

16. Héraðsskjalasöfn - gjaldskráráform mennta- og menningarmálaráðuneytisins - 2008006SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. ágúst 2020, um undirbúning mennta- og menningarmálaráðuneytisins að gerð reglugerðar um gjaldskrár opinberra skjalasafna. Einnig lagt fram bréf Hrafns Sveinbjarnasonar, héraðsskjalavarðar Kópavogs, dags. 10. ágúst 2020, um málið ásamt fylgiskjöllum.

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að óska eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðuneyti og fulltrúum héraðsskjalavarða um málið. Í bréfi og greinargerð héraðsskjalavarða koma fram mikilvægar upplýsingar er auðvelda

starfsmönnum sambandsins að gæta hagsmuna sveitarfélaga við frekari vinnslu málsins.

17. Drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins - 1601032SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 25. ágúst 2020, um drög að viljayfirlýsingu um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins.

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að undirrita yfirlýsingu f.h. sambandsins og vinna málið áfram á grundvelli hennar.

Bjarni Jónsson lýsti sig sammála afgreiðslu málsins en lagði fram svohljóðandi bókun:

"Undanfarin ár hefur starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga verið að færast í áföngum til Ísafjarðar með því að ráðið hefur verið þar í stöður sem losna. Á starfsstöðinni á Ísafirði vinna nú 8 starfsmenn en 11 í Reykjavík og hefur tekist ákaflega vel til með vaxandi starfsemi á Ísafirði. Um er að ræða sérhæfð og vandasöm störf sem þarf að gæta að gagnvart öllum breytingum á starfseminni. Undirritaður telur að stíga eigi það skref til fulls að flytja alla starfsemina til Ísafjarðar, hvort sem það verður gert með því að flytja Innheimtustofnun sveitarfélaganna í núverandi mynd að fullu til Ísafjarðar nú þegar eða sinna öllum núverandi verkefnum hennar frá starfsstöð annarrar stofnunar á Ísafirði. Er sá fyrirvari settur við fyrirhugaðar breytingar að starfsemin flytjist að öllu leyti til Ísafjarðar og feli í sér ávinning fyrir sveitarfélögin.

Vert er að benda á að ekki liggur fyrir hvort eða hvaða sparnaður muni hljóta af því að leggja verkefni Innheimtustofnunar undir Tryggingarstofnun eða hvort verkefnunum verður þar betur sinnt. Þá hefur stofnunin ekki sérstakt orðspor fyrir að nýta tækifæri til að rækja hluta verkefna sinna frá starfsstöðvum á landsbyggðinni og því ekki endilega treystandi til að efla enn frekar starfsstöð innheimtumála á Ísafirði, nema rækilega verði frá því gengið fyrirfram."

18. Endurtilnefning í svæðisráð fyrir gerð strandsvæðaskipulag fyrir Austfirði - 1808024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. júní 2020, þar sem Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar, er tilnefnd sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag á Austfjörðum, í stað Skarphéðins Smára Þórhallssonar, sem beðist hefur lausnar frá setu í svæðisráðinu. Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er varamaður hennar í svæðisráðinu.

19. Tilnefning í starfshóp um snemmbæran stuðning í skólakerfinu - 2006013SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. júní 2020, þar sem Herdís Ása Sæmundsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um snemmbæran stuðning í skólakerfinu, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

20. Tilnefning í starfshóp um mótun samstarfs helstu aðila vegna lausagöngu búfjár - 2006010SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 6. júlí 2020, þar sem Jóhann Frímann Þórhallsson, oddviti Fljótsdalshrepps, og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, eru tilnefnd í starfshóp um mótun samstarfs helstu aðila vegna lausagöngu búfjár. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

21. Tilnefning í Réttindavakt fyrir fatlað fólk - 2007004SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 2020, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmaður í réttindavakt fyrir fatlað fólk 2020-2022, og er Guðríður Guðmundsdóttir, lögfræðingur hjá Hafnarfjarðarkaupstað, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður.

22. Endurtilnefning í ráðgjafanefnd um náttúruminjaskrá - 1607003SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 16. júlí 2020, þar sem Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnisstjóri Austurbrúar í Neskaupstað, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafanefnd um náttúruminjaskrá í stað Snorra Sigurðssonar, sem látið hefur af setu í nefndinni. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi, eru tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmenn í ráðgjafanefndinni. Jafnframt er Berglind Sigmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kötlu geopark tilnefnd sem varamaður allra fulltrúa sambandsins í nefndinni.

23. Skipun í verkefnastjórn um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila - greining raungagna - 2008002SA

Lagt fram til kynningar bréf heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. júlí 2020, varðandi skipun í verkefnastjórn um greiningu á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila.

24. Tilnefning í starfshóp til að vinna að tillögu að stefnu stjórnvalda varðandi aðlögun að loftslagsmálum - 2008001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 2020 þar sem Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri hjá sambandinu og sérfræðingur í umhverfismálum, eru tilnefnd í starfshóp til að vinna að tillögu að stefnu stjórnvalda varðandi aðlögun að loftslagsmálum.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

- 25. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnutöðum - vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð - 2005004SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. maí 2020, um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnutöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð), 665. mál.
- 26. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki - 2005021SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 18. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð).
- 27. Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu - 2005034SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 22. maí 2020, um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, 735 mál.
- 28. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, með síðari breytingum - skipt búseta barns - 2005006SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 25. maí 2020, um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), 707. mál.
- 29. Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti - 2006009SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. júní 2020, um frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál.
- 30. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 2006005SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 10. júní 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (notendaráð), 838. mál.
- 31. Umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál - hlutdeildarlán - 2006022SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 18. júní 2020, um frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál.
- 32. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna - 2001001SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 23. júní 2020, um drög að frumvarpi til laga um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna, mál 106/2020.

- 33. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun og Barna- og fjölskyldustofu - 2001001SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 24. júní 2020, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu, mál 106/2020.
- 34. Umsögn um drög að stefnu um barnvænt Íslands - 2006020SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 26. júní 2020, um drög að stefnu um barnvænt Ísland.
- 35. Umsögn um drög að reglugerð um neyslurými - 2006003SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 7. júlí 2020, um drög að reglugerð um neyslurými.
- 36. Umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi - 2007013SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 9. júlí 2020, um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.
- 37. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um stjórnslu jafnréttismála - 2007006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 16. júlí 2020, um frumvarp til laga um stjórnslu jafnréttismála, mál nr. S-127/2020.
- 38. Umsögn um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga - 2006036SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. ágúst 2020, um drög að reglugerð um skráningu einstaklinga.
- 39. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi - 2008004SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 12. ágúst 2020, um áform um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, mál S-140/2020.
- 40. Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á barnalögum - breytt kynskráning foreldra - 2008018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2020, um breytingu á barnalögum (breytt kynskráning foreldra), mál nr. 141/2020.
- 41. Umsögn um drög að breytingartillögum meiri hluta velferðarnefndar við frumvarp til laga um húsnæðismál - hlutdeildarlán - 2006022SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. ágúst 2020, um drög að breytingartillögum meiri hluta velferðarnefndar við frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál.

42. Skýrsla um stöðumat og undirbúning á stafrænni vegferð sveitarfélaga - 2001074SA

Lögð fram til kynningar skýrsla um stöðumat og undirbúning á stafrænni vegferð sveitarfélaga - Hvar eru sveitarfélög Íslands stödd í stafrænni vegferð sinni, dags. í maí 2020.

43. Verkefni á sviði félagsþjónustu - staða mála - 1910022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og stjórnenda í velferðarþjónustu, dags. 6. júlí 2020, um upplýsingar um verkefni á sviði félagsþjónustu, upplýsingar um stöðu mála í júlí 2020.

44. Skýrsla starfshóps um brunamál - 2005029SA

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um brunamál, dags. 16. júní 2020.

Fundi var slitið kl. 14:50

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Lilja Einarsdóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Snæfellsbær 14.09.20

Formmaður Bæjarráð Snæfellsbæjar

Júníana Björg Ottarsdóttir

Efni: Sumarleyfi leikskóla Snæfellsbæjar.

Við ný undirrituðum kjarasamningum hjá FSL, FL og SDS fá allir starfsmenn leikskóla Snæfellsbæjar 30 orlofsdaga frá og með 2021. Sl. ár hefur leikskólinn verið lokaður í fjórar vikur yfir sumarið en með nýjum samningum verða útistandandi 10 dagar á starfsmann eða 310 dagar yfir árið. Vegna launakostnaðar er óskað eftir því að sumarlokunnin lengist um viku.

Virðingarfyllt

Ingigerður Stefánsdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar.

16. September 2020

Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Við undirrituð, íbúar á Keflavíkurgötu 23,21,19,17,15,13,11,9,7,5,3,1 á Hellissandi, viljum mótmæla fyrirhugaðri lagningu á malbikuðum stíg meðfram sjávarsíðu Keflavíkurgötu. Umræddur stígur liggur í sjónlínu við athvarf fólks á heimili þess og hefur veruleg áhrif á næði- og útsýni.

Við teljum þessa framkvæmd vega verulega að friðhelgi okkar með því að beina umferð vegfarenda svo nærri lóðamörkum og inn í garða hjá fólki. Þetta er ekki síst áhyggjuefni í ljósi aukins ferðamannastraums á Snæfellsnesi undanfarin ár sem er fyrirséð að muni aukast enn og mun án efa auka umferð um fyrirhugaðan strandstíg. Verði stígurinn að veruleika er lítið sem íbúar geta gert til að verja friðhelgi sína annað en að reisa grindverk með tilheyrandi áhrifum á útsýni og náttúrusýn sem gerir búsetu á svæðinu einkum aðlaðandi.

Áætlanir um strandstíga geta verið áhugaverð verkefni en okkur blöskrar að haldið sé í slíka framkvæmd á svæði þar sem lóðum hefur verið úthlutað eins nálægt sjó og hér á við. Þá þekkja undirritaðir hvergi dæmi þess að stígar við sjávarlóðir séu skipulagðir svo nærri gördum og heimilum eins og hér stendur til. Það er fyrirséð að þessi framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á líðan íbúa auk þess að rýra verðmæti fasteigna okkar enda lágu þessar áætlanir ekki fyrir þegar húsnæði var hér byggt.

Við viljum biðja bæjaryfirvöld að taka tillit til okkar sem búum við sjávarsíðu Keflavíkurgötu og endurskoða þessar áætlanir.

Með virðingu og vinsemd,

Jóhann Andri Þorðarsson	Keflavíkurgata 19	041288-2649
Jónine H. Ólefsdóttir	Keflavíkurgata 19	200586-2639
Þórunn A. Björnsdóttir	Keflavíkurgata 21	180268-4219
H. Billington	- 11 -	- 11 - 190368-2119
Maria Vigfúsdóttir	- 11 -	23. 250958-4049
Karl J. Thormann	- 11 -	21. 280959-2869
Jaruzs Migor	- 11 -	17. 050669-2799
Rafna Birgissa	- 11 -	15. 110156-2279
Hanna H. Hall	- 11 -	13. 280790-2659
Robert Kompierowski	- 11 -	11. 261086-2049

Katrín Hjartard Keflavíkurgata 9 19281-5964
Jón K. Ásmundsson - " - 040475-4199
~~Ómar J. Jónsson~~ - 11 - - 7 030348-8429
Kaj Wieggo Keflavíkurgata 7 080841-3539
Leszek Wolgyski Keflavíkurgata 5 2602682528
María Siguðjónsson Keflavíkurgata 3 300688-3499
Helga María Stúldóttir Keflavíkurgata 3 280890-3599
Óni Einarsson Artúni 180751-3359

Kristinn Jónasson

From: Þorgrímur Leifsson <thorgrimur@stakkholt.is>
Sent: fimmtudagur, 24. september 2020 10:13
To: Kristinn Jónasson
Cc: Sturla Böðvarsson (sturla@sturla.is); Steingrímur Leifsson; Gunnar Sturluson (gunnar@logos.is)
Subject: Klumba ehf.

Sæll. Kiddi bæjarstjóri og takk fyrir spjallið um daginn.

Eins og þér er kunnugt um þá er fiskþurrkun sú sem Klumba stundar orkufrek starfsemi, og þar sem Ólafsvík er s.k. kalt svæði hefur Klumba reitt sig á raforku af landsnetinu eingöngu. Nú hafa verið framkvæmdar og boðaðar tölverðar hækkanir á raforkuverði til fyrirtækisins sem munu valda rekstrinum töluveðrum búsifjum og veikja samkeppnisstöðu þess gagnvart keppinautum sem hafa aðgang að ódýrum jarðhita.

Við stjórnendur Klumbu verðum því að skoða alla raunhæfa kosti í stöðunni sem upp er komin. Einn er sá að hefja eigin raforkuvinnslu t.d. með því að nýta vindorku, en kostnaður við virkjun hennar hefur á undanförunum árum lækkað verulega í nágrenni öndum okkar.

Hugmyndin er að tengja vindmillurnar ekki landsnetinu, heldur nýta alla raforku sem þær vinna beint í varmavinnslu. Með því móti verða myllurnar ekki eins háðar stöðuleika í vindstyrk og vinnsluvið þeirra m.t.t. vindstyrks víðara en ella, með tilheirandi hærri nýtingartíma.

Hægt er að virkja vindorku með hagkvæmum myllum og hita vatn inná geymslutanka til að eiga varmabirgðir þegar vindsins nýtur ekki við eða er of mikill. Nýlega var til að mynda tekin í notkun hitaveita í smáporpinu Nechlin í NA-Þýskalandi sem nýtir slíka tækni. Uppsett afl er 2 MW og eru nú 35 hús tengd veitunni. Hér að neðan eru tenglar í vefsíður sem veita frekari upplýsingar um það áhugaverða verkefni.

Við höfum áhuga á að skoða fýsileika þess að fara svipaðar leiðir til að afla varma fyrir Klumbu og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækisins til framtíðar. Okkar fyrstu hugmyndir eru þær að reysa tvær vindmyllur, hvora um 1 MW við vegin upp að Jökulhálsinum t.d. nálægt inntakslóni Rjúkandavirkjunar Orkusölnunnar. En við óskum eftir aðstoð sveitarfélagsins með staðarval og að fá að sjá skýrslu sem Efla verkfræðistofa vann fyrir Snæfellsbæ varðandi vindorkumál.

Þessi leið ef vel tekst til, varðað leiðina fyrir uppbyggingu hitaveitna í byggðum á köldum svæðum. Eins og dæmið frá Nechlin sýnir.

Okkar markmið með staðarvali eru m.a.:

- Góð vindskilyrði
- Lágmarka sjónræn áhrif
- Nálægt við Klumbu til að minnka kostnað við lagningu jarðstrengs

Vatnsgeyminn er hentugast að staðsetja sem næst verksmiðjunni sjálfri og horfum við til þess að hann verði að sunnanverðu.

Ítarefni:


Um verkefnið í Nechlin (á þýsku): <https://enertrag.com/windwaerme>

Um verkefnið í Nechlin (á ensku): <https://enertrag.com/en/produkte/wind-based-thermal-energy>

Varmageymir í byggingu: <https://www.youtube.com/watch?v=fZmdVFjP9j4>



Virðingarfyllt / Kind regards,
ÞORGRÍMUR LEIFSSON
Framkvæmdastjóri/Managing Director



.....
LÓNSBRAUT 1 · 220 HAFNARFIRÐI · ICELAND
PHONE: +354 483 3700 -
THORGRIMUR@STAKKHOLT.IS
WWW.STAKKHOLT.IS

Snæfellsbær, 24.9.2020

B.t. Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Þann 25. júlí s.l. varð Sundlaug Snæfellsbæjar 50 ára og mig hefur langað að fagna því á einhvern hátt með viðburði í sundlauginni en ekki fundist það hægt í ljósi aðstæðna í samfélaginu. Mig langar þó að gera eitthvað á þessu ári og datt í hug hvort ekki væri sniðugt að bjóða Snæfellsbæingum frítt í sund í desember. Þetta er sá mánuður sem fær fæsta gesti og tel ég þetta vera góða leið til þess að hvetja fólk til að gefa sér tíma og slaka á í þessum annasama mánuði. Þetta ætti ekki að hafa nein áhrif á þær sóttvarnaaðgerðir sem eru í gildi í samfélaginu á þessum tíma en er að sjálfsögðu allt með fyrirvara um að eitthvað breytist í þeim málum.

Það væri svo gaman að geta verið með einhvers konar vorhátíð næsta vor í sundlauginni ef allt verður komið í rétt horf.

Laufey Helga Árnadóttir,

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar

Til Bæjarráðs Snæfellsbæjar

B.T. Lilja Ólafardóttir

Ég þakka kærlega fyrir svar bæjarráðs við bréfi Ólafsvíkurdeildar Framfarafélags Snæfellsbæjar dags.16. júlí s.l. varðandi uppýsingaskiltin, sem deildin lét uppfæra og gaf Snæfellsbæ.

Ánægjulegt er líka að vita, að til stendur af bæjarins hálfu að athuga að tengja ljósið á skiltinu á innra Klifi og einnig að huga að því að segja VELOMIN, annað hvort á skiltinu, eða á sér skilti þar hjá. En af hverju var ruslatunna negld utan á skiltið? Það finnst mér óvirðing.

Mig langar til þess að nota þetta tækifæri til þess að lýsa ánægju minni með það hvað stjórn bæjarins hefur gert vel, varðandi umhverfið okkar.

Jafnframt langar mig að nefna það sem að mínu mati þarf að huga að til úrbóta í umhverfi Ólafsvíkur og öðru:

1. Að gera innkomuna inn í bæinn meira aðlaðandi, þ. e. beggja vegna við veginn neðan við félagshemilið Klif, þar er nánast bara illgresi!
2. Að hvetja þá eigendur bygginga og lóða, þar sem drasl er látið hrannast upp, til þess að fjarlægja það, ella muni bærinn gera það á kostnað eigenda. Taka myndir af draslinu og senda með tilkynningarbréfinu, það hefur áður verið gert með góðum árangri.
3. Við létum setja upp sjónskífu upp í Enni, ásamt því að setja þar upp borð og bekki. Að mínu mati þarf að leggja smá göngustíg frá bekkjunum að sjónskífunni. Þessi frábæri útsýnispallur er alveg þess virði að fá meiri athygli og að bærinn standi fyrir því.
4. Eins og þekkt er, á Ólafsvík elstu verslunarréttindi á Íslandi og að fragtskipið Ólafsvíkursvanurinn sigldi á milli Kaupmannahafnar og Ólafsvíkur samfelld í yfir 100 ár! Sem er ótrúleg og mikil saga sem vert væri að vinna með til varðveislu og líka til upplýsingar um sögu bæjarins, sem er í sjálfu sér merkileg. Fyrir nokkrum árum hafði Vagn Ingólfsson forgöngu að því að Ólafsvík eignaðist eftirlíkingu af Svaninum. Hann er geymdur á dvalarheimilinu Jaðri. Veit fólk almennt um það? Hvað með Byggðasafnið okkar?

Svo er annað, við státum af mörgu öðru og merkilegu, s.s. einum elsta grunnskóla landsins, kona stofnaði hér sparisjóð og hér ólust upp listamenn t.d. Jóhann Jónsson og María Markan. Já við eigum nóg af hráefni til að státa okkur af.

Að lokum langar mig að spyrjast fyrir um, hvað varð um tillögur bæjarbúa, varðandi framkvæmdir í Snæfellsbæ, sem bærinn kallaði eftir í fyrra, eða var það í hittiðfyrra?

Með virðingu og þakklæti

Fyrir hönd Framfarafélagsins

Ester Gunnarsdóttir, formaður.

Fullgild rafren undirskrift

SIGURBJÖRG SÆMUNSDÓTTIR

Kennitala: 250362-6419
2020-09-22 13:07:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafren undirskrift

AGNAR BRAGI BRAGASON

Kennitala: 181277-5729
2020-09-22 13:10:44 GMT
Ástæða: Undirskrift



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík 22. september 2020
Tilv.: UMH20040040/8.11

Ráðuneytinu barst meðfylgjandi erindi frá Mosfellsbæ, dags. 3. apríl sl., varðandi mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Í erindinu er þess farið á leit að ráðuneytið kanni möguleikann á því að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sambærilegt erindi barst frá Seltjarnarnessbæ, dags. 5. maí sl., með ósk um að heilbrigðiseftirlit fyrir Seltjarnarnessbæ sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eða að gerðar verði aðrar breytingar þannig að Seltjarnarnessbær verði ekki lengur hluti af Kjósarsvæði. Erindið er meðfylgjandi.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Landinu er skv. 1. mgr. 45. gr. laganna skipt í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Ráðherra getur skv. 3. mgr. 45. gr. að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar kveðið á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð. Samkvæmt 10. tölul. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 er starfssvæði Kjósarsvæðis Seltjarnarnessbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um framangreind erindi Mosfellsbæjar og Seltjarnarnessbæjar og barst meðfylgjandi umsögn nefndarinnar með bréfi dags. 20. maí sl. Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir umsögn Umhverfisstofnunar um erindin og barst umsögn stofnunarinnar með bréfi dags. 22. maí sl. Ráðuneytið upplýsti Samband íslenskra sveitarfélaga um málið með tölvupósti hinn 8. maí sl. og óskaði jafnframt eftir afstöðu Kjósarhrepps sem bókaði á fundi hreppsnefndar 14. maí sl. að hreppsnefndin tæki ekki afstöðu til málsins.

Í framangreindri umsögn Umhverfisstofnun kemur fram að stofnunin veiti umsögn sína á grundvelli mats á skyldum heilbrigðiseftirlitsnefnda samkvæmt lögum. Fari ráðherra þá leið að verða við beiðni umræddra sveitarfélaga og sameina heilbrigðiseftirlit Seltjarnarnessbæjar og Mosfellsbæjar að eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, stæði sveitarfélagið Kjósarhreppur, að óbreyttu, eitt að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis. Þrátt fyrir að lög standi ekki í vegi fyrir slíku fyrirkomulagi bendi stofnunin á að slík skipan væri að mati stofnunarinnar ekki vel til þess fallin að standa undir þeim skyldum sem hvíla á heilbrigðisnefndum enda er sveitarfélagið fámennt og hefði hag að samvinnu við önnur sveitarfélög við heilbrigðiseftirlit. Skipan heilbrigðisnefnda tók á sínum tíma mið af kjördæmaskipan sem nú er breytt. Ef því viðmiði væri fylgt með hliðsjón af þeim

sjónarmiðum sem höfð var hliðsjón af við setningu laga um hollustuhætti og mengunarvarnir væri rétt að Kjósahreppur sameinaðist einnig eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði. Ef ekki er grundvöllur fyrir því leggi Umhverfisstofnun til að heilbrigðiseftirlit Kjósasvæðis yrði sameinuð Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Umhverfisstofnun bendi á að þrátt fyrir að hér að framan sé vísað til skiptingar heilbrigðiseftirlitssvæða með hliðsjón af kjördæmaskipan myndi það þjóna verkefnum í mengunarvörnum best ef starfssvæði heilbrigðisnefnda væri ávallt landfræðilega samfelld en því er ekki að heilsa með suðvesturkjördæmi.

Hér með er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins um þann möguleika að Kjósahreppi yrði bætt við starfssvæði heilbrigðiseftirlitssvæðis Vesturlands. Í framhaldi af afstöðu sveitarfélagsins stefnir ráðuneytið á að funda með fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi til að fara yfir málið.

Óskað er eftir því að afstaða sveitarfélagsins berist eigi síðar en 6. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Agnar Bragi Bragason

Afrit:
Samband_islenskra_sveitarfélaga
Heilbrigðisnefnd_Vesturlands
Samtök_sveitarfélaga_á_Vesturlandi

Samrit af þessu bréfi fä önnur sveitarfélög á Vesturlandi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Kjartans Ingvarssonar
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 3. apríl 2020
nr. erindis 202002130/0.6.0 HÖS

Á 757. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 25. mars 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Samstarfssamningur um skipan heilbrigðisnefndar og nauðsynlegar breytingar á samþykkt um stjórn vegna efnis hans.

Til umræðu voru breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar (seinni umræða) sem leiddu af samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis sem samþykktur var af hálfu Mosfellsbæjar á 754. fundi bæjarstjórnar. Samstarfssamningurinn fól m.a. í sér að Mosfellsbær fengi 3 af 5 fullrúum sveitarstjórna á eftirlitssvæðinu í sinn hlut í samræmi við hlutfallsskiptingu kostnaðar af rekstri heilbrigðiseftirlits.

Á 756. fundi var komið í ljós að samstarfssamningnum hafði verið hafnað í sveitarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar og hreppsnefnd Kjósarhrepps. Fyrri samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar á samstarfssamningnum var því orðin marklaus og ljóst að breytingar á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar gætu ekki átt sér stað. Umræðum um málið var frestað og það tekið til umræðu á ný á 757. fundi bæjarstjórnar.

Eftirfarandi tillögur voru teknar til atkvæða á 757. fundi bæjarstjórnar:

Tillögu að breytingum á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar hafnað með 9 atkvæðum að lokinni síðari umræðu.

Fram kom á 756. fundi bæjarstjórnar tillaga um að bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Mosfellsbæ úr samstarfi við Seltjarnarneskaupstað og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits. Þess verði farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd. Mosfellsbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.



Breytingartillaga L- Lista: Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögu um að Mosfellsbæjar dragi sig út úr samstarfi við Seltjarnarnesbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits til bæjarráðs. Bæjarráði verði falið að fjalla um og kanna kosti og galla þess að Mosfellsbær ef til vinni dragi sig út úr núverandi samstarfi.

Breytingartillögunni var hafnað með 6 atkvæðum. Fulltrúar L-, M- og C- lista kusu með breytingartillögunni. Tillagan án breytinga samþykkt með 7 atkvæðum. Fulltrúar L- og M- lista sátu hjá.

Í samræmi við ofangreint er þess nú farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála, með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að kannaður verði möguleikinn á því að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og kannaður verði möguleikinn á því að Mosfellsbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Virðingarfyllst,

Heiðar Örn Stefánsson
lögmaður Mosfellsbæjar

Afrit sent:

1. Sveitarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar
2. Hreppsnefnd Kjósarhrepps





SELTJARNARNESBÆR

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Kjartans Ingvarssonar
Skuggasundi
101 Reykjavík



Seltjarnarnes, 5. maí 2020
Tilvísun 2020020076/400

Efni: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Á 99. fundi bæjarráðs Seltjarnarnesbæjar þann 16. apríl 2020, staðfest á 908. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnes þann 29. apríl sl., var eftirfarandi mál tekið fyrir og bókað:

10. Málnúmer 202002130 Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Bæjarstjóri lagði fram afgreiðslu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar varðandi Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Seltjarnarnesbæ úr samstarfi við Mosfellsbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits og leggja fram eftirfarandi tillögu þess efnis fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

„Tillaga um að bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti að fela bæjarstjóra að gera ráðstafanir til að draga Seltjarnarnesbæ úr samstarfi við Mosfellsbæ og Kjósarhrepp um starfrækslu heilbrigðiseftirlits. Þess verði farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd. Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Í samræmi við ofangreint er þess nú farið á leit við ráðuneyti umhverfis og auðlindamála, með vísan til heimildar í 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að kannaður verði möguleikinn á því að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og kannaður verði möguleikinn á því að Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Mosfellsbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.“ vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.“

Með vísan til ofangreindrar bókunar bæjarstjórnar er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess að eftirlitssvæði 10 (Kjósarsvæði) verði lagt niður í núverandi mynd og til þess að Seltjarnarnesbær verði færður í eftirlitssvæði 9 (Hafnarfjarðar og Kópavogssvæði) eða að gerðar verði aðrar breytingar á eftirlitssvæðum þannig að Seltjarnarnesbær verði ekki lengur hluti af eftirlitssvæði 10.

Virðingarfyllst,
f.h. Seljarnarnesbæjar

Ágústur Hauður
Ásgerður Halldórsdóttir,
bæjarstjóri

Afrit sent:

1. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar
2. Hreppstjórn Kjósarhepps

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ	
UMR	20040040
Mótt.	29. MAÍ 2020
M.	8.11
Áb.	

Reykjavík 25. maí 2020
UST202005-213/H.R.A.
05.01

Efni: Umsögn v/ mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 8. maí 2020 þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfisstofnunar um mögulegar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum í samræmi við 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Mosfellsbær óskaði þess, með erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, 3. apríl sl. að ráðuneytið kanni möguleika þess að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis yrði lagt niður í núverandi mynd og heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Jafnframt óskaði Seltjarnarnessbær afstöðu ráðuneytisins til þess að sama skapi, að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Seltjarnarnessbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eða að gerðar verði aðrar breytingar þannig að Seltjarnarnessbær verði ekki lengur hluti Kjósarsvæðis.

Ráðherra hefur heimild til að kveða á um sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar skv. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998. Samkvæmt 10. tl. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er starfssvæði Kjósarsvæðis Seltjarnarnessbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um forsendur þeirra erinda sem liggja fyrir frá framangreindum sveitarfélögum og veitir umsögn þessa því á grundvelli mats á skyldum heilbrigðiseftirlitsnefnda samkvæmt lögum. Fari ráðherra þá leið að verða við beiðni umræddra sveitarfélaga og sameina heilbrigðiseftirlit Seltjarnarnessbæjar og Mosfellsbæjar að eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, stæði sveitarfélagið Kjósarhreppur, að óbreyttu, eitt að Heilbrigðis-efirlitssvæði Kjósarsvæðis. Þrátt fyrir að lög standi ekki í vegi fyrir slíku fyrirkomulagi vill stofnunin þó benda á að slík skipan væri að mati stofnunarinnar ekki vel til þess fallin að standa undir þeim skyldum sem hvíla á heilbrigðisnefndum enda er sveitarfélagið fámenn og hefði hag að samvinnu við önnur sveitarfélög við heilbrigðiseftirlit. Skipan heilbrigðisnefnda tók á sínum tíma mið af kjördæmskipan sem nú er breytt. Ef því viðmiði væri fylgt með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem höfð var hliðsjón af við setningu laga um hollustuhætti og mengunarvarnir væri rétt að Kjósahreppur sameinaðist einnig eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði. Ef ekki er grundvöllur fyrir því leggur Umhverfisstofnun til að heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis verði sameinuð heilbrigðisnefnd

Vesturlands. Yrðu eftirlitssvæði því 9 í stað 10 nú. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að hér að framan sé vísað til skiptingar heilbrigðiseftirlitssvæða með hliðsjón af kjördæmaskipan myndi það þjóna verkefnum í mengunarvörnum best ef starfssvæði heilbrigðisnefnda væri ávallt landfræðilega samfellt en því er ekki að heilsa með suðvesturkjördæmi.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústsdóttir
Forstjóri



Skúli Þórðarsson
Sviðsstjóri



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
KJÓARSVÆÐIS



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ	
UMH	20040040
Mótt.	26. MAÍ 2020
Ml.	8.11
Áb.	

20. maí 2020
Tilv.: UMH20040040/8.11

Álit Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis á erindum Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar.

Meðfylgjandi er álit Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis á erindum Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um sameiningu heilbrigðiseftirlitsvæða.

Virðingarfyllst

Árni Davíðsson

Árni Davíðsson
heilbrigðisfulltrúi

Umsögn Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um erindi Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um niðurlagningu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

Vísað er í bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsettu 8. maí þar sem kynnt er að Mosfellsbær hafi með erindi til ráðuneytisins dagsett 3. apríl sl. farið þess á leit að ráðuneytið kanni möguleikann á því að Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis verði lagt niður í núverandi mynd og að heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar sameinist eftirlitssvæði Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Sambærilegt erindi barst ráðuneytinu frá Seltjarnarnesbæ þann 5. maí sl. Ráðuneytið óskar umsagnar Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um ofangreind erindi.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis er almennt opin fyrir breytingum ef þær eru til hagsbóta fyrir eigendur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, almenning og fyrirtæki í sveitarfélögunum. Meirihluti nefndarinnar (5 af 6 fulltrúum) er undrandi á því hvernig staðið er að þessari tillögu sem upphaflega kemur frá Mosfellsbæ þar sem ákvörðunin virðist tekin í skyndi án þess að hún hafi verið rædd við aðildarsveitarfélögin. Hagkvæmni af sameiningunni hefur ekki verið skoðuð opinberlega eða metið hvort hún sé til hagsbóta fyrir almenning í þessum sveitarfélögum. Á fundi nr. 757 bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 25. mars lagði fulltrúi L lista fram tillögu um að bæjarráði yrði falið að fjalla um og kanna kosti þess og galla, að Mosfellsbær dragi sig út úr núverandi samstarfi. Tillagan var felld með meirihluta atkvæða.

Þess má geta að Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis er fagleg, metnaðarfull, öflug og vel rekin stofnun með góðan fjárhag, farsælan feril og skilaði rekstrarafgangi uppá 1.200.000 kr. á síðasta ári. Nánar má finna upplýsingar um fjármál ársins 2019 í ársskýrslu eftirlitsins sem er að finna á slóðinni eftirlit.is. Ársreikningar ársins eru í vinnslu en verða lagðir fram á næstu vikum.

Meirihluti nefndarinnar telur að rök skorti með erindum sveitarfélaganna til ráðuneytis umhverfismála. Þá liggur ekki fyrir samþykki þeirra sveitarfélaga, sem eru innan þess eftirlitssvæðis er Mosfellsbær og Seltjarnarnes áforma að falla undir, um hvort þau vilji taka við Mosfellsbæ eða Seltjarnarnes eins og sakir standa. Meirihluti heilbrigðisnefndar telur að málið sé vanreifað og að efnisleg rök skorti til að taka afstöðu til sameiningar.

Mosfellsbæ 19. maí 2020

Virðingarfyllst

Sign.

Valborg Anna Ólafsdóttir
Hannes Tryggvi Hafstein
Magnús Rúnar Dalberg
Linda Björk Ragnarsdóttir
Sigríður Klara Árnadóttir

Fulltrúi D Lista í Mosfellsbæ tekur ekki undir framliggjandi umsögn og leggur fram eftirfarandi umsögn til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Umsögn um erindi Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um niðurlagningu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Á örfáum árum hefur íbúum í Mosfellsbæ fjölgað verulega en þegar Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis var komið á laggirnar fyrir um 25 árum voru íbúar því sem næst jafn margir í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi. Í dag er staðan sú að íbúar í Mosfellsbæ eru um það bil þrisvar sinnum fleiri en íbúar Seltjarnarness og frekari íbúafjölgun mun eiga sér stað á næstu árum.

Það eru því hagsmunir Mosfellsbæjar að verða aðili að fjölþættara heilbrigðiseftirliti þar sem verkaskipting og sérþekking starfsmanna styður enn betur við öflugt sveitarfélag í örum vexti og með nýjum atvinnusvæðum. Fjölmennari skipulagseining, eins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, er betur til þess fallin að mæta þörfum Mosfellsbæjar í bráð auk þess sem gera má ráð fyrir því að öll aðildarsveitarfélög slíks samstarfs njóti áhrifa af hagkvæmni stærðarinnar.

Loks er til þess að líta að framlög til rekstur Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis eru greiddur í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaganna og því greiðir Mosfellsbær rúmlega 70% framlaga en hefur tvo fulltrúa af sex í stjórn eftirlitsins. Það þýðir að raunveruleg framkvæmd lýðræðis innan samstarfsins er verulega ábótavant vegna þessa galla á uppbyggingu samstarfsins sem kallast öðru nafni lýðræðishalli og felur í sér að ekki er ásætlanlegt samband á milli fjárframlaga og áhrifa á stefnu og þróun starfseminnar.

Kostnaður við rekstur heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis er hlutfalllega hærri en svo dæmi sé tekið Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Gera má ráð fyrir því að kostnaður Mosfellsbæjar geti lækkað verulega með því að hefja samstarf við heilbrigðiseftirlitið á suðursvæðinu.

Það er því mat Mosfellsbæjar að með stækkun bæjarins og auknum umsvifum og þörfum þess fyrir fjölþætt heilbrigðiseftirlit sé það í senn faglega og fjárhagslega mikilvægt að verða aðila að stærra eftirlitssvæði.

Mosfellsbæ 19. maí 2020
Virðingarfyllst

Sign.
Arna Hagalínsdóttir

Tillaga frá J- listanum 1. október 2020. Íbúðir fyrir eldri borgar

„J- listinn leggur til að farið verði í að skoða þann möguleika að byggja fleiri íbúðir fyrir eldri borgara en með öðru sniði en þær sem þegar eru til staðar við Engihlíð í Ólafsvík. Viljum við fela Kristni bæjarstjóra að skoða kostnaðinn við byggingu fjölbýlishús á 2 til 3 hæðum með lyftu og bílakjallara. Leggjum við áherslu á að íbúðirnar verði tengiíbúðir við Jaðar til að heimilisfólk hafi tök á og möguleika að nýta sér þjónustu dvalarheimilisins.“

Kristinn Jónasson

From: svanurt <svanurt@simnet.is>
Sent: mánudagur, 21. september 2020 11:04
To: Kristinn Jónasson
Subject: Brunavarnaráætlun
Attachments: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Snæfellsbæjar 2020 til 2025 lok.docx;
Brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar 2020-2025.pdf


Sæll Kristinn,

Hér er brunavarnaráætlun SNB hún er yfirfarin af mannvirkjastofnun og prófarkalesin, semsagt tilbúin til samþykktar af hálfu bæjarstjórnar. Ef þú vilt breyta einhverju vertu þá í sambandi við mig.

Kveðja
Svanur Tómasson
TS Vélaleiga
S:8925193



Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Snæfellsbæjar



2021-2025